

13. fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins
Haldinn í Betri stofunni, Firði,
miðvikudaginn 24. janúar 2024, kl. 12.00-14.30

Fundinn sátu:

Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Sævar Birgisson, Eva Josteinsdóttir, Rannveig Grétarsdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Jakob Einar Jakobsson, Elísabet Sveinsdóttir og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð 12. janúar 2024

Undirrituð og samþykkt.

2. Yfirlit yfir stöðu og rekstur

Farið var örstutt yfir stöðuna og sagt frá fundi með Íslandsstofu um samning fyrir þetta ár og gekk vel. Ásamt því að farið var yfir Ferðapjónustuvikuna og viðbrögð við henni en hún gekk almennt mjög vel og góð viðbrögð við okkar efni.

3. Aðild, aðildargjöld og „Whats in it for me“

Ákveðið var að fara vel yfir stöðuna á aðild og hvort einhverju þyrfti að breyta.

Eftirfarandi var ákveðið og tekur gildi strax:

- Nýta enn frekar nafnið Visit Reykjavík í kynningu og orðræðu um stofuna.
- Leyfilegt er að gera aðildarfélag sýnilega á samfélagsmiðlum til þess að auka sýnileika þeirra í kynningarefni.
- Gera stutt video um aðildina á stofunni - söluvideo
- Gera enn frekar sýnilegt hvert árgjaldið er á mánuði.
- Gera eftirfarandi breytingar á aðild í stofunni:
 - Fyrirtæki fá sýnileika fyrir eitt vörumerki í kynningarefni stofunnar.
 - Fyrirtæki geta verið með aukaskráningu fyrir vörumerki sem eru á sömu kennitölu og kostar það 40,425 kr. (helming af 1-2 ársverkum og tekur breytingum eftir neyslúvísitölu hvers árs).
 - Fyrirtæki á sér kennitölu en sömu eigendur að öðru aðildarfyrirtæki greiða fullt gjald.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14.15.